

LISTIR

Hærra til þín

Samsýning á verkum listamanna frá Íslandi, Færeyjum, Noregi og Danmörku hefst á sunnudag í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar og Listasafni Reykjavíkur – Ásmundarsafni. Sýningin nefnist Hærra til þín og er það vísun í eitt verka Sigurjóns Ólafssonar. Ragna Garðarsdóttir kynnti sér sýninguna.

BIRGITTA Spur, safnstjóri Listasafns Sigurjóns á Laugarnestanga, sagði að sýningin Hærra til þín væri einskorðuð við trúarstef í verkum þekktara listamanna sinna landa. Víst mætti vera að einhverjir sakni uppáhaldslistamanna sinna, en við val á sýningu sem þessa þarf ávallt að velja og hafna. Listmálarinn Bodil Kaalund veitti ráðgjöf við val á erlendu listaverkum og hefur enn fremur beitt sér fyrir áframhaldi sýningarinnar á næsta ári, á þremur söfnum í Danmörku og að endingu í Þórshöfn í Færeyjum.

Þeir listamenn sem eiga verk á sýningunni eru Olivia Holm-Møller, J. A. Jerichau, Ásmundur Sveinsson, Hannah Ryggen, Sámali Elias Joensen-Mikines, Sigurjón Ólafsson, Robert Jacobsen, Jakob Weidemann og Svend Wiig Hansen.

Birgitta Spur átti hugmyndina að þessari sýningu. Hún kvað þetta vera í fyrsta sinn sem Ásmundarsafni og Sigurjónssafni standa að samsýningu með sameiginlegu þema. Ásamt Birgittu eru í sýningarnefnd Eiríkur Þorláksson og Bodil Kaalund.

Birgitta sagði aðstandendur sýningarinnar hafa viljað draga fram ný sjónarhorn á trúarlega list. Valin voru listaverk eftir listamenn, sem lítið eða ekki hafa unnið opinberlega fyrir kirkjuna, heldur hafi þeir, „hver með sínu nefi“ líkt og hún komst að orði, fundið sig knúna til að vinna með trúarleg minni með einum eða öðrum hætti.

Af útskýringum Birgittu að dæma mætti orða þetta svo að þema sýningarinnar felist í óljósum og oft á tíðum nokkuð slungnum snerti-

punktum sem listamennirnir deila. Við gengum fyrst að þeim verkum veflistakonunnar norsku, Hönnu Ryggen, sem komin voru upp. Birgitta beindi athygli minni sérstaklega að verkinu Dauði Kaj Munks, þar sem mörg tímavíð renna saman á einu og sama myndsviðinu í krafti minnisins um píslir Krists.


Kristur á krossinum er fyrirferðarmestur á myndsviðinu og skín skært, í brennandi appelsínugulum, gulum og rauðum litum. Umbúnaðurinn er aftur á móti myrkur. Kristur er umkringdur þjáningafullum meðbræðrum, m.a. Kaj Munk, fórnarlambi nazista úr samtíma Ryggen.

Það kom síðar fram í máli Birgittu að slík vinnubrögð væru líkast til einkennandi fyrir þau persónulegu tók sem listamennirnir taka trúaræfinn. Hver og einn myndar persónulega tengingu með þeim hætti og þeirri tækni sem honum er nærtækt. Fögnuður og örvænting takast á í sýningarrýminu.

„Listiðkun er í sjálfu sér trúariðkun“, sagði Birgitta og áleit það koma fram í verkunum hve samofin þessi fyrirbæri eru.

Í telfni af sýningunni hefur verið gefin út sýningarskrá, Hærra til þín: Trúarleg minni í vestnorrænni list. Biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson, ritar inngang hennar og listfræðingar frá Norðurlöndum skrifa greinar um listamennina og verk þeirra. Danski listfræðingurinn, Charlotte Christensen, á þar nokkrar greinar, Eiríkur Þorláksson skrifar um Ásmund Sveinsson, og Troels Andersen um J.A. Jerichau, svo einhverjir séu nefndir.

Líkt og kom fram í spjalli mínu við



Morgunblaðið/Jim Smart

Frá sýningunni í Listasafni Sigurjóns.

Birgittu eiga listamennirnir það kannski einna helst sameiginlegt að hafa tjáð fjölmargt annað en trúarminni í verkum sínum.

Kirkjan og myndlistin

Sýning sem þessi hlýtur að vekja upp ótalmargar spurningar um tengsl trúariðkunar og listrænnar sköpunar, sem, líkt og Birgitta bendir á, eru óneitanlega tengd fyrirbæri.

Hjalti Hugason, guðfræðingur er spurður um almenn tengsl trúar og listar og gildi þessarar tilteknu sýningar fyrir kirkjuna. Hjalti tók heilsuhugar undir það, að þessi ofangreindu einkenni á sýningunni væru bæði athyglisverð og ágeng. Honum þótti hjálplegt að byrja á því að líta til sögulegrar þróunar á tengslum kirkju og listiðkunar. Ekki mætti gleyma því að kirkjan tók myndlistina í þjónustu sína snemma á miðöldum, og fór Hjalti reyndar ekki í launkofa með að kirkjan hafi séð hag sinn í því.

Myndlistin þjónaði því hlutverki að miðla kristilegum boðskap og skapa upphafið andrúmsloft sem engin orð fengu tjáð.

Hjalti benti á að þau skil sem síðar mynduðust á milli trúar og listar þurfi ekki endilega að vera neikvæð frá sjónarhóli kirkjunnar.

Hann sagði frelsi listamanna úr viðjum hefðbundins kirkjulegs tákn máls hafa haft í för með sér mikilvæga endurnýjun á þessu sama tákn máli og sé sýnt að listamönnum er enn nærtækt að tjá bæði kvöl og sælu mannlægs lífs á kristilegu tákn máli. Þegar öllu er á botninn hvolft hvíli listhefð Vesturlanda á grunni kristilegrar menningar og þegar listamenn leita á vit listhefðarinnar hitta þeir óhjákvæmilega fyrir kristilegt tákn máli.

Hjalti taldi mikilvægt að kirkjustofnanir færu ekki varhluta af endurnýjun kristilegs tákn máls og aðlögun þess að nútíma aðstæðum.

Hann nefndi dæmi af ýmsum söfnuðum á Norðurlöndum sem hafa fengið til liðs við sig listamenn sem ekki hafi verið kunnir fyrir að gera verk fyrir kirkjur, en væru eftir sem áður tilbúnir til að takast á við þá áskorun. Hjalti kvað árangurinn ósaldan hafa farið fyrir brjóstið á söfnuðinum í upphafi, þar sem listamennirnir hefðu oft gengið út frá eigin afstöðu til trúarinnar. Þegar upp er staðið hafi slík listaverk þó oft en ekki vakið mesta athygli og orðið til að dýpka sjálfskilning kirkjunnar eða safnaðarins. Hjalti sagðist vona að söfnuðir íslensku þjóðkirkjunnar tækju þetta sér til fyrirmyndar. Hjalti hafði orð á því að Íslendingum ætti m.a. að þykja

athyglisvert að skoða verk íslensku listamanna tveggja í því óvænta samhengi sem þeir birtast í á sýningunni.

„Þegar við skoðum þá út frá þessu sjónarhorni, opnast nýjar víddir sem kannski blóstu ekkert endilega við okkur áður,“ sagði Hjalti. Listamennirnir, sem eiga verk á sýningunni, tilheyra allir kynslóð listamanna, sem fann sig knúna til að vinna með trúarlegt tákn máli á persónulegum forsendum, sagði Hjalti. Þar með hjái þeir tákn málinu aukinn sveigjanleika, sem ætti að verða listamönnum nútímans að leiðarljósi. Hjalti sagðist álíta að sýning sem þessi myndi brú á milli eldri og yngri kynslóða listamanna, og þá með sérstöku tilliti til trúarminna listhefðarinnar.

Sýningin fer fram á tímamótum, þegar 1000 ár eru liðin frá kristnitökunni, þegar samfélagslegar kringumstæður Íslendinga hafa umhverfst, og þegar sýnt er að kirkjan þurfi að takast á við endurskilgreiningar og endurnýjun trúarhefðarinnar.

Hjalti lét í veðri vaka að endurvakið samband myndlistar og kirkju á Íslandi gæti orðið báðum til endurnýjunar, og mætti líta svo á, að sýningin Hærra til þín gefi fyrirheit um hvernig koma mætti slíku stefnu móti í kring.

Reykjavík – menningarborg Evrópu árið 2000

Mun halda fjárhagsáætlun

Bráðabirgðauppgjör bendir til að Reykjavík – menningarborg Evrópu árið 2000 muni halda fjárhagsáætlun. Gerir Þórunn Sigurðardóttir, stjórnandi þessa stærsta verkefnis sem Íslendingar hafa ráðist í á sviði menningar og lista, jafnvel ráð fyrir að tekjuafgangur verði af því þegar upp verður staðið um áramót. Reykjavík – menningarborg hafði 610 milljónir króna til ráðstöfunar.



Þórunn Sigurðardóttir

„Við höfum haldið mjög fast utan um okkar fjármál og vel hefur gengið að láta áætlunir standast, bæði hér innanhúss og hjá öllum þeim aðilum sem að verkefninu hafa komið. Það hafa allir lagst á eitt. Menningarstofnanir og listafólk geta greinilega unnið skipulega og samkvæmt áætlunum, jafnvel þótt um nýsköpun og tilraunaverkefni sé að ræða. Aðvitað hrósar maður ekki happi fyrir en allt er komið í hús en þetta lítur ljómandi vel út,“ segir Þórunn.

– Það hljóta að vera góð tíðindi fyrir verkefni framtíðarinnar?

„Að sjálfsögðu. Eins og ég segi, menn geta greinilega unnið skipulega og skipulag er, eins og við vitum, und-

irstaða fyrir sköpun. Við höfum því látið allar hrakspár um skipulagsleysi og að allt yrði gert á síðustu stundu sem vind um eyru þjóta. Menningarborgarárið er fjárfesting til framtíðar. Nú er bara að fylgja því eftir.“

Þórunn segir menningarborgina hafa gert grunnáætlun áður en fjármögnun verkefnisins var lögð fyrir ríki og borg. „Sú áætlun hefur líka algjörlega haldið.“

Af milljónunum 610 komu 510 frá ríki og borg. 100 milljónir eru tekjur verkefnisins sjálfs. „Þær tekjur hafa raunar orðið heldur meiri en ráð var fyrir gert í áætlun, einkum úr erlendum sjóðum. Síðan er auðvitað álíka mikið fjármagn inni í verkefnum sjálfum en í flestum tilvikum hafa menn einnig fengið fjármagn annars staðar frá.“

Að sögn Þórunnar er nú verið að safna gögnum um verkefnið, hvert um sig, þannig að eftir árið munu heilmiklar upplýsingar liggja fyrir um það hvernig fjármagnið hefur nýst. Fyrir því verður gerð grein í sérstakri skýrslu sem Svanhildur Konráðsdóttir, kynningarstjóri menningarborgarinnar, mun ritstýra.


Komið í veg fyrir þenslu

Mun meira fé hefur verið veitt til lista- og menningarmála á þessu ári en menn eiga að venjast og Þórunn neitar því ekki að það hafi verið viðbrigði. „Fyrir vikið höfum við reynt að geta þess að ekki yrði óeðlileg þensla í menningargeiranum. Það hefur ídulega gerst hjá menningarborgum og getur orðið mjög erfitt þegar menningarárinu lýkur.“

Þórunn segir tvö umfangsmestu verkefni ársins, Baldur og Raddir Evrópu, hafa haldið áætlun en um 80% kostnaðar kom í báðum tilvikum erlendis frá. „Mikið af því er búið að borga nú þegar og annað er verið að innheimta. Þessi tvö verkefni voru helstu áhættuþættirnir vegna fjölda erlendra samstarfsaðila og það er mjög ánægjulegt að sjá þau ganga svona vel upp. Óskað hefur verið eftir báðum verkefnum til Rotterdam, sem er menningarborg á næsta ári, en hæpið að af því geti orðið, þar sem þetta fjármagn var bundið árinu í á.“

Aðspurð segir Þórunn um þær fréttir að af menningarborgunum níu séu Reykjavík og Helsinki þær einu sem ekki hafi þurrausíð alla sjóði nú á haustmánuðum: „Það eru mjög ánægjuleg tíðindi fyrir okkur að geta látið fé okkar duga. Þess má geta að Finnarnir fengu fimmtíu milljón evrur en við átta.“

Hreinlætistækjadagar



BLANCO

22.733 kr

18.990 kr.

51x93 Eldhúsvaskur



HÚSAMÍÐJAN
Sími 525 3000 • www.husa.is